

Hinn 13 .mars 2010 var þing haldið í dómstól ÍSÍ af Gunnari Guðmundssyni dómsforseta

Fyrir var tekið málið nr. 8/2009

Ásta Birna Magnúsdóttir
gegn
Stjórn GSÍ

Dómnum hefur borist kæra dags. 14 .desember 2009 frá Magnúsi Hreinssyni f.h. Ástu Birnu Magnúsdóttur á hendur stjórn Golfsambands Íslands.

Kært er vegna atviks sem átti sér stað í keppni sem haldin var 31. ágúst 2009. Samkvæmt grein 24.1. í lögum Olympíu- og Íþróttasambands Íslands er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við Af framangreindum sökum er máli þessu því vísað frá dómi.

Úrskurðarorð

Máli Ástu Birnu Magnúsdóttur gegn stjórn GSÍ er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson